



Pétur Ingi Haraldsson  
Dalbraut 12  
840Laugarvatn

S{user.location} 17. febrúar 2015  
UST201502-063

**Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi gámasvæðvar og svæðis til meðhöndlunar á seyru að Flúðum.**

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Uppsveita er barst 16. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi gámasvæðvar og svæðis til meðhöndlunar seyru, sem staðsett verður á Flúðum.

**Starfsemi**

Fram kemur í greinargerð að meðhöndlunarstöðin er samstarfsverkefni nokkurra sveitarfélaga og er verkefnið unnið í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, sem einnig sér um að veita starfsleyfi fyrir starfsemina. Um er ræða meðhöndlun á seyru með íblöndun kalks, og er áætluð endurnýting á lífrænum úrgangi 3 – 400 tonn á ári.

**Staðsetning**

Tillaga að deiliskipulagi nær yfir núverandi gámasvæði norðan við þéttbýlið á Flúðum og meðhöndlunarsvæði fyrir seyru á lóð vestan við gámasvæðið. Deiliskipulagsreiturrinn er 3 ha að stærð. Núverandi iðnaðarsvæði er 0,7 ha en með breytingunni verður það 3 ha. Landnotkun aðliggjandi svæða er aðallega landbúnaður, en austan þess er opið svæði til sérstakra nota fyrir hesthúsabygð.


**Votlendi**


Fram kemur á mynd á bls. 2 að hesthúsahverfi sem er staðsett austan við iðnaðarsvæði sem áætlað er að stækka, er á votlendi, Högnastaðamýri. Einnig kemur fram að á lóð þar sem áætlað er að meðhöndla seyru er nú tún með skurðum beggja megin. Í umfjöllun um helstu viðfangsefni deiliskipulagsáætlunarinnar segir að sunnan við lóð meðhöndlunarsvæðis seyru sé gert ráð fyrir siturlagnabeði. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að þess sé gætt að mengun frá meðhöndlunarsvæði komist ekki um siturlagnabeð í framræsluskurði og grunnvatn.

**Ósamræmi í gögnum**

Umhverfisstofnun bendir á að neðst á bls. 2 segir að iðnaðarsvæði verði stækkað um 2,3 ha. Efst á bls. 4 segir að stærð iðnaðarsvæðis stækki einungis um 0,4 ha.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur